# Jólasmakk og bakarí



## Við óskum eftir

## jákvæðum og samviskusömum einstaklingum úr 1. – 10. bekk. til að starfa hjá okkur

Í starfinu felst m.a. bakstur, afgreiðsla, frágangur, hönnun matseðils og annað sem fellur til.



\- Áhugasamir senda umsóknir á jólasmakk og bakarí





# Jólabúð og banki

**-Aðeins fyrir nemendur í 5.-10.bekk-**

Jólabúð-leikföng-jólaskraut-banki

Viltu hjálpa til að gera búð með leikföngum og jólaskrauti? Með skólahóp leikskólans ætlum við að setja upp flottustu jólabúðina á Hellu!

Við vinnum með krúttilegum leikskólakrökkum á morgnanna og eftir hádegi þá verðum við bankastarfsmenn, búum til peninga og skipuleggjum laun fyrir alla og gerum allt tilbúið fyrir bankann á markaðsdegi.



Við leitum að duglegum og hugmyndaríkum krökkum úr 5.-10.bekk sem vilja vinna á skemmtilegum stað í fjölbreyttri vinnu. Settu Jólabúð og banki númer 1 á umsóknina þína


ÓSKUM EFTIR METNAÐARFULLUM OG SAMVISKUSÖMUM EINSTAKLINGUM Í 5. - 10. BEKK SEM SÝNA FRUMKVÆÐI OG FAGLEG VINNUBRÖGÐ Í OKKAR FRÁBÆRA HÓP!
BH
ÚTVARP
&MIÐLAR
ÚTVARP
HEIMILDAMYND
FRÉTTIR
VILTU VINNA Í ÚTVARPI?
HEILLAR KVIKMYNDA-GERÐ ÞIG?
HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FRÉTTUM?
ÁHUGASAMIR MERKI UMSÓKN SÍNA
BH ÚTVARP OG MIÐLAR

# Jóla hvað?



jólatónlist

Langar þig að upplifa jólaandann?

Hefur þú áhuga á jóla-tónlist?

Hefur þú áhuga á föndri?

Hefur þú prófað að búa til jólalag/texta?

Veistu hvað þarf að gera þegar lag er búið til? Og langar þig að prófa að búa til lag og texta?

Finnst þér gaman að föndra?

Viltu hanna og búa til.

Ef þú getur svarað einhverri spurningunni játandi þá erum við að leita að þér

Vinnustöð þar sem við munum skapa jólalag og föndra kærleiks– og þakklætiskort, gjafapoka, gjafaöskjur og jólaperl.

Stefnt er að búa til jólalag og eða texta sem verður flutt á markaðsdeginum.

jólaföndur



gjafapokar

jólaandi



Við erum að leita að áhugasömum og duglegum einstaklingum í 1.-10. bekk sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum í að kanna, taka þátt, prófa og fræðast.

Umsóknir merkist:

*Jóla hvað?*







Jólagleði

Hefur þú gaman af að gleðja aðra?

Ertu jákvæð/ur?

Hefur þú færni í að vinna í hóp eða langar þig kannski bara að æfa þig betur í því?

Hefur þú gaman af jólatónlist?

Ertu hugmyndarík/ur?

Þá áttu heima með okkur. Við verðum með smiðju með alls konar skemmtilegum uppákomum hingað og þangað með það að markmiði að gleðja aðra og hafa gaman saman.

Áhugasamir sendið umsóknir á

Jólagleði






# Ljósmyndastofan

auglýsir eftir starfsfólki!

Finnst þér gaman af ljósmyndun og föndri?

Ert þú skapandi og hugmyndaríkur.

Ertu samviskusamur og jákvæður?

Ertu góður í mannlegum samskiptum?







Ef svo er

þá er LJÓSMYNDASTOFAN

rétti staðurinn fyrir þig!

# Jólapunt

Jólapunt óskar eftir áhugasömum, vandvirkum og stundvísum starfskrafti.

Á jólapunt stöðinni ætlum við að búa til kökumix, jólailmi, jólaskraut og fleira punt.

Ef þú hefur áhuga þá er Jólapunt rétti staðurinn fyrir þig !

Gleðileg jól

# Mötuneyti Bæjarhellunnar

Hefur þú áhuga á matreiðslu og þjónustustörfum?

Mötuneytið óskar eftir starfsmönnum úr 7.-10.bekk sem eru snyrtilegir, jákvæðir og stundvísir.

Áhugasamir sendi inn umsóknir merktar *Mötuneyti.*



# Handavinnufjör Bæjarhellunnar

Við leitum að hressu, duglegu, stundvísu og jákvæðu starfsfólki til að starfa með okkur!

Það er kostur ef einhver þekking er til staðar á prjóni eða öðrum textíltengdum hlutum.



Hlökkum til að fá ykkur til starfa 😊



# Jólasveinaverksmiðjan!

Framleiðum allskonar jólasveina (litla og stóra) til að skreyta hjá



okkar úti, fyrir jól!

## Við óskum eftir fólki í vinnu:

Hver vill koma til liðs við jólasveinaverksmiðuna og framleiða allskonar jólasveina.

Við endurnýtum efni, málum, skrúfum og spreyjum.



Við hlökkum til að sjá þig, Jóla HÓ og co

HOHOHOHO!!!! Hefur þig dreymt um að vera jólasveinn?



Jólasveinafjör óskar eftir starfsfólki sem er áhugasamt, skapandi, leikrænt og fróðleiksfúst um margskonar hluti sem tengjast JÓLASVEINUM!!!



Við ætlum t.d. að fræðast um jólasveina á Íslandi og víða um heiminn. Hafa alltaf verið sömu jólasveinarnir á Íslandi og hvernig eru t.d. jólasveinar í Noregi eða kannski Ástralíu?

Jólasveinarnir í Jólasveinafjöri ætla líka að koma fólki í jólagírinn á Bæjarhellunni með uppákomum og skemmtilegheitum!!

Áhugasamir sendi umsókn á JÓLASVEINAFJÖR

Með HOHOHOHO KVEÐJU !!

